

## Breytingartillaga

við frv. til fjárlaga fyrir árið 2004.

Frá Steingrími J. Sigfússyni, Þuríði Backman, Kolbrúnu Halldórsdóttur,  
Jóni Bjarnasyni og Álfheiði Ingadóttur.

Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Tillaga m.kr.
--------------------	-------------------	------------------

*Breyting á sundurliðun 1:*

**Við II Aðrar rekstrartekjur**

8.2.2 Arðgreiðslur frá öðrum opinberum stofnunum . . . 3.226,0 -1.000,0 2.226,0

### Greinargerð.

Breytingartillaga þessi er lögð fram til að tryggja fjármagn til átaks í fjarskiptamálum á landsbyggðinni. Lagt er til að lækka arðgreiðslu Landsímans um einn milljarð kr. og nota þá fjármuni ríkissjóðs í átakið. Bætt fjarskipti á landsbyggðinni eru mikilvæg byggðaaðgerð og hefur þeim málum engan veginn verið nægilega sinnt af núverandi ríkisstjórn. Því er mikilvægt við gerð fjárlaga þessa árs að eyrnamerkja fjármagn í það verkefni. Mikilvægast er að klára uppbyggingu GSM-dreifikerfisins um allt land sem og uppbyggingu hraðvirks gagnaflutningskerfis er nær til allra landsmanna. Má í þessu sambandi benda á tillögur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs um breiðbandsvæðingu landsins frá 128. löggjafarþingi og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um aðgang landsmanna að GSM-farsímakerfinu.